

Vopnafjarðarhreppur
Sigurður Jónsson
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Garðabær, 22. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0053
LA

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar í landi Torfastaða.

Vísað er í tölvubréf frá Vopnafjarðarhreppi, sent gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar þann 23. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn landeigenda og Yggdrasils Carbon um framkvæmdaleyfi til skógræktar á 160 hektara svæði á Torfastöðum í Vopnafjarðarhreppi. Verkefnasvæðið er í heild 199,9 ha.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn, þann 25. maí 2023, um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Torfastaða. Þar er fjallað um áhrif skógræktar á vistgerðir, búsvæði fugla og landslagsáhrif og er vísað hér í þá umsögn (<https://www.ni.is/is/stofnunin/radgjof/umsagnir/umsagnir-2023>).

Þá vill Náttúrufræðistofnun benda á nýlega vísindagrein í tímaritinu Nature þar sem fram kemur að ávinningur af skógrækt í loftslagsmálum á norðurslóðum sé ofmetinn og geti jafnvel haft skaðleg áhrif (slóð á grein <https://www.nature.com/articles/s41467-024-46577-1>).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

